

Alþjóðadagur læsis 8. september 2015



Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið á Akureyri, Barnabókasetur Íslands og Skóladeild Akureyrarbæjar.
Ábyrgð: Pía Viinikka og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir.

Alþjóðadagur læsis 8. september

Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Íslendingar taka sem fyrr þátt í þessum alþjóðlega degi með ýmsum hætti.

Miðstöð skólaþróunar við HA, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið og Barnabókasetur Íslands starfa saman að undirbúningi læsisviðburða á Akureyri og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama í sínu umhverfi.

Segðu mér sögu

Þema dagsins í þetta sinn er „að segja sögur“. Allir hafa gaman af því að hlusta á góðar sögur, þær búa ekki bara í bókum heldur einnig í kalli þeirra flinku sagnamanna sem finna má í hverjum bæ. Sögurnar búa líka innra með okkur sjálfum, því öll segjum við frá einhverju á hverjum degi. Fyrir á öldum var sérstakur sögustóll settur undir sagnameistarann þegar hann talaði og í ár verður þessi siður endurvakinn. Merktir sögustólar verða í Eymundsson og á Bókasafni Háskólans á Akureyri. Meðal sagnamanna dagsins eru Ahmed Essabiani, Anna Bergljót Thorarensen, Bragi Guðmundsson, Soffía Vagnsdóttir og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Öllum verður frjálst að fá sér sæti og segja sögu. Fyrirtæki og stofnanir eru hvött til að merkja hjá sér sögustól í tilefni dagsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga setur alþjóðadag læsis á skóladagatal.

Sögusmiðja og uppistand

Viltu læra að segja skemmtisögur? Vera með uppistand? Komdu þá á Bryggjuna kl. 18.00–20.00 þar sem Vilhjálmur B. Bragason leikskáld stýrir sögulegri smiðju. Hér færðu að heyra hvað þarf til að segja skemmtilega frá og hvernig sögurnar sem við segjum móta allt okkar líf. Ímyndunaraflið verður í fyrirrúmi og reikna má með að viðburðurinn verði í senn uppspuni frá rótum og saga til næsta bæjar.

Framhalds- og háskólanemar eru sérstaklega hvattir til að mæta.


Ókeypis inn en pizzuhlaðborð í boði á kr. 2.000 með gosi, 1.800 án goss. 10% skólaafsláttur.

Snjalltækjasögur

Nemendur segja sögur með hjálp nýjustu tækni. Verk nemenda verða sýnd á Amtsbókasafninu milli kl. 10.00 og 19.00 og áfram út vikuna. Það er tilvalið fyrir bekkjardeildir að fá sér göngutúr og kíkja á stuttmyndir og myndbönd eftir samnemendur sína. Sögurnar eru á ýmsu formi þar sem tæknin er notuð á fjölbreyttan hátt í sagnagerð.

Lestrarvöflur og sögur í Eymundsson

Lestrarvöflurnar í Eymundsson eru orðnar fastur liður á alþjóðadegi læsis á Akureyri. Boðið verður upp á sjóðheitar, ilmandi vöflur, kaffi og notalega sögu-stund í bókabúðinni kl. 16.00–17.00.



Þekktir bæjarbúar setjast í sögustólinn og segja skemmtilegar sögur en auk þess eru gestir og gangandi hvattir til að fá sér sæti og segja frá.

Bókahilla bæjarbúa

Á þemaveggnum í Eymundsson verður útbúin mynd af bókahilla bæjarbúa og eru gestir og gangandi hvattir til að bæta bók í hilluna með því að búa til bókakjöl á þar til gerða pappírrenninga sem liggja frammi.

Hugmyndapottur! Lumar þú á skemmtilegri læsishugmynd sem þú vilt deila?


Ef svo er, sendu okkur línu á netfangið ragnheidurlilja@unak.is

Að gera læsi hátt undir höfði

Skólar eru hvattir til að gera læsi sérstaklega hátt undir höfði á degi læsis. Tilvalið er að vera með upplestur á skemmtilegu efni, gefa viðbótartíma fyrir yndislestur eða hafa spílastund með læsisspilum eða snjalltækjaforritum af ýmsu tagi, svo sem Skraflí, Story creator, Rummikubb, Puppet Pals, söguteningum, Storybird, Fimbulkambi, Book creator, Sprengju-spílinu, Alias, krossorðateningum og spilum úr t.d. Byrjendalæsi. Gaman gæti verið að vinna með þema dagsins, „Segðu mér sögu“, og koma fyrir sögustól í skólastofunni, þar gætu hvort sem er nemendur, kennarar eða góðir gestir fengið sér sæti og sagt sögur af ýmsu tagi, s.s. skemmtisögu, lygasögu, brandara, ömmusögu, afasögu, gamla sögu, nýja sögu, draumasögu...

Bókagjöf til nemenda í 1. bekk

Á alþjóðadegi læsis kemur út ævintýraleg bók sem allir fyrstubeckingar á landinu fá að gjöf. Það eru barnamenningarsamtökin IBBY á Íslandi sem standa fyrir útgáfunni, m.a. með stuðningi Lions-hreyfingarinnar. Bókin inniheldur úrval úr íslenskum barnamenningararfi, texta sem allir ættu að kannast við, en hafa ekki verið auðveldlega aðgengilegir síðustu ár. Í



bókinni má finna þjóðsögur, ævintýri, kafla úr barnabókum, vísur, kvæði og þulur sem foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börnin og njóta með þeim. Ritstjórar bókarinnar eru Sigprúður Gunnarsdóttir, Sólveig Ebba Ólafsdóttir og Þorbjörg Karlsdóttir. Í formála segja þær: „Börn verða læs í skólanum, en það er heima hjá sér sem þau læra að lesa. Það er þar sem þau drekka í sig sögur. ... Þess vegna leggjum við á og mælum um að þessari bók fylgi sá galdur að hún opni foreldrum og börnum leið inn í bæði fortíð og framtíð.“

Í tengslum við verkefni um aukinn lestur og læsi barna sem og gerð læsisstefnu bæjarins, varð til á Akureyri slagorðið „Læsi er lykillinn...“. Þar í bæ hafa nú öll grunnskólabörn og börn í elstu deild leikskólans fengið póstkort með merki verkefnisins og hvatningu til aukins lesturs.



